

Nr. 18/1981. Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Hafsteinssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Líkamsmeiðingar. Gáleysi. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. desember 1980, og er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Meðákærði í héraði undi héraðsdómi, og er málinu ekki áfrýjað að því er hann varðar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Karls Hermannssonar, lögregluþjóns í Keflavík. Segir þar m. a. svo:

„Vegalengdin frá Grindavíkuraflleggjara að eystri afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum er 4700 metrar. Vegalengdin frá eystri afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum að Hafnaafleggjara er 1800 metrar. Vegalengdin á milli afleggjaranna að Innri-Njarðvíkum er 1150 metrar. Vegalengdin frá vestari afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum að Hafnaafleggjara er 650 metrar. Heildarvegalengdin frá Hafnaafleggjara að Grindavíkuraflleggjara er 6500 metrar.

Eitt hundrað og fimmtíu metra vegarkafli suður Reykjanesbraut frá Hafnaafleggjara er tiltölulega beinn, og sést hann vel í baksýnispegli, ef ekið er norður Reykjanesbraut að Hafnaafleggjara. Sunnan við þessa 150 metra fer beygjan að vera krappari. Þarna er landslag slétt og ekkert, sem hindrar útsýni á þessum vegarkafli“.

Hinn 12. október 1981 sætti ákærði 3.000.00 króna sekt

með dómssátt í sakadómi Keflavíkur fyrir að aka bifreið sviptur ökuleyfi.

Samkvæmt auglýsingu nr. 108/1966 er leyfður hámarks-
hraði ökutækja á Reykjanesbraut frá vegamótum við Krísu-
víkurveg að vegamótum við Hafnaveg (Flugvallarveg) 80
km á klukkustund á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.
Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi ekið
bifreiðinni J 237 í kappakstri eftir Reykjanesbrautinni, langt
yfir lögleyfðum hámarkshraða. Hefur hann með þessu gerst
brotlegur við 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968
og framangreinda auglýsingu, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðar-
laga. Í ákæru hefur misritast 3. mgr. 50. gr. í stað 4. mgr.
50. gr., en málið er flutt með hliðsjón af þessu, sbr. 3. mgr.
118. gr. laga nr. 74/1974. Ekki verður talið, að a liður 3.
mgr. 49. gr. umferðarlaga eigi hér sérstaklega við. Að öðru
leyti má fallast á niðurstöðu héraðsdóms um brot ákærða
og heimfærslu þeirra til lagaákvæða.

Ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða þykir mega
staðfesta. Rétt er, að ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 3 ár.
Hann hefur þegar verið sviptur ökuleyfi í 1 ár, og ber því
að svipta hann ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að
telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er stað-
fest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað
sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00
krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00
krónur.

D ó m s o r ð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð.
Ákærði, Magnús Hafsteinsson, sæti ökuleyfisviptingu
í 3 ár, þar af 2 ár frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hér-
aðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar,
þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krón-

ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Arnasonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 23. september 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 23. september, var í sakadómi Njarðvíkur af Guðmundi Kristjánssyni aðalfulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 989/1979: Ákærvaldið gegn Magnúsi Hafsteinssyni og Valþór Ólasyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 21. janúar sl. og dómtekið 16. júní sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 29. október sl., „á hendur Magnúsi Hafsteinssyni, Þórustíg 5 í Njarðvík, fæddum 26. febrúar 1962 í Keflavík, og Valþór Ólasyni, Faxabraut 37 A í Keflavík, fæddum 31. desember 1961 í Skagahreppi í Austur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa í sameiningu og af gáleysi valdið dauða Stefáns Jens Sigurðssonar, fædds 1. október 1963, og stórfelldum meiðslum Rúnars Ingibergssonar, fædds 26. júlí 1963, með því að hafa, um kl. 5, sunnudagsmorguninn 20. maí 1979, ákærði Valþór við stjórn bifreiðarinnar Ö 132 og ákærði Magnús við stjórn bifreiðarinnar J 237, þreytt kappakstur eftir Reykjanesbraut frá afleggjara við Innri-Njarðvík í átt til Keflavíkur með allt að 160 kílómetra hraða á klukkustund allt að Hafnavegi, ákærði Magnús á undan, og með því þar að beygja til vinstri, þótt hann vissi af bifreið meðákærða Valþórs á eftir sér, og ákærði Valþór einnig með því að aka fram úr bifreiðinni J 237 vinstra megin þar á gatnamótunum. Skullu bifreiðarnar þar saman af miklu afli, og hlaut Stefán Jens, sem var farþegi í bifreiðinni Ö 132, útbreiddar heilablæðingar og handleggsbrot og lést af meiðslum þessum um kl. 10 þennan morgun, en Rúnar, sem einnig var farþegi í bifreiðinni Ö 132, hlaut brot á þremur hryggjarliðum, sprungu í nefbein, lungnamar og loftbrjóst ásamt heilahristingi og heilamari. Þykja enn fremur hafa á framangreindan hátt af ófyrirleitni stofnað lífi og heilsu annarra farþega, þeirra Finns Kr. Halldórssonar, fædds 29. maí 1962, Erlu Valgeirsdóttur, fæddrar 20. júlí 1963, í bifreiðinni J 237, og Skjaldar Vattnars Arnasonar, fædds 13. maí 1963, í bifreiðinni Ö 132, í augljósan háska.

Telst framangreint atferli ákærðu beggja varða við 215. gr.,

219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og a og c liði 3. mgr. 49. gr., 3. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á Reykjanesbraut nr. 108/1966.

Þá þykir atferli ákærða Magnúsar eins varða við 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr., en atferli ákærða Valþórs eins við 3. mgr. 47. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar.“

II.

Samkvæmt sakavottorðum, dags. 26. október sl., hefur ákærði Magnús hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé, en ákærði Valþór hlaut hins vegar 40 þús. kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga með dómssátt í sakadómi Keflavíkur 23. mars 1979. Þá hlaut hann 80 þús. kr. sekt og ökuleyfismissi í einn mánuð með dómssátt í sama dómstóli þann 9. maí sl. fyrir sams konar brot. Öðrum refsingum hefur hann eigi sætt, sem hér kunna að skipta máli.

III.

Sunnudaginn 20. maí 1979, kl. 0505 um morguninn, var lög-reglunni tilkynnt um umferðarslys á Reykjanesbraut við mót Hafnavegar í Njarðvík. Þarna hafði orðið árekstur með bifreið-unum Ö 132 og J 237, og er lögreglumenn komu á staðinn, voru báðar bifreiðarnar utan akbrautarinnar að vestanverðu, skammt norðan við gatnamótin. Bifreiðin Ö 132 var á hvolfi, og hafði afturendi hennar hafnað á hitaveitustokk, sem er skammt utan við akbrautina. Tveir farþegar höfðu kastast út úr bifreiðinni við veltuna, og lá annar þeirra, Stefán Jens Sigurðsson, u. þ. b. 17 metra norðan við bifreiðina, hinum megin við hitaveitustokk-inn. Var hann meðvitundarlaus og með mikla höfuðáverka. Hinn farþeginn, sem lá utan bifreiðarinnar, var Rúnar Ingibergsson, og var hann með áverka í andliti. Aðrir farþegar í bifreiðunum svo og ökumenn þeirra, ákærðu í málinu, höfðu ýmist hlotið mjög smávægileg meiðsl eða engin.

Í lögregluskýrslu segir enn fremur, að þarna hafi orðið árekstur með bifreiðinni J 237 og bifreiðinni Ö 132, sem báðum var ekið eftir Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur, og var J 237 á undan. Þegar hún var komin að mótum Hafnavegar, var henni

beygt til vinstri, en í sama mund var Ö 132 ekið fram með vinstri hlið J 237, og rákust þær saman. Við áreksturinn hafi ökumaður Ö 132, ákærði Valþór, misst stjórn á bifreiðinni og hún hafnað á hvolfi utan akbrautar, svo sem áður greinir.

Á vettvanginum höfðu lögreglumenn eftir ökumanni J 237, ákærða Magnúsi, að hann hefði ekið eftir Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur, en ekki vitað, hve hratt hann ók, þar sem hann leit ekki á hraðamæli. Hann hafi séð Ö 132 í baksýnispegli, þegar hann hafi verið á móts við þann afleggjara til Innri-Njarðvíkur, sem nær er Keflavík. Hann hafi síðan beygt til vinstri, er hann var að verða kominn fram hjá mótum Hafnavegar, og hefði þá Ö 132 verið ekið fram með vinstri hlið bifreiðar sinnar og árekstur orðið. Hafi ökumaður Ö 132 misst stjórn á henni við áreksturinn og hún kastast út af akbrautinni og hafnað á hvolfi. Hann sjálfur hafi stöðvað bifreið sína utan við akbrautina.

Einn lögreglumannanna ræddi þarna á vettvangi við Erlu Valgeirsdóttur, einn farþega í J 237. Tjáði hún lögreglumanninum, að bifreiðarnar hefðu verið í spyrnu eftir Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur og hafi J 237 verið á undan. Er þau nálguðust Hafnaveg, hafi þau í bifreiðinni ákveðið að beygja inn að Fitjanesti þar við veginn og hafa tal af þeim, sem í Ö 132 voru. Hafi hún ekki vitað fyrr en árekstur varð með bifreiðunum.

Miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum, einkum á Ö 132.

Hinir slösuðu, áðurnefndur Stefán Jens og Rúnar, voru fyrst fluttir í lögreglubifreiðum á sjúkrahúsið í Keflavík, en þaðan á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Þar lést Stefán Jens kl. 0800 sama morgun. Segir í krufningarskýrslu, að blæðingar hafi verið milli heilahimna og útbreiddar blæðingar í heilann sjálfan ásamt miklum bjúg. Í höfuðsverði hafi verið stór skurður, en grunn hrufi og skrámur á húðinni við og dreif um líkamann. Þá hafi hægri handleggur verið þverbrotinn um úlnlið. Þessir áverkar, og þá fyrst og fremst blæðingar og bjúgur í heila, hafi verið banamein Stefáns Jens.

Í áverkavottorði vegna Rúnars Ingibergssonar segir læknirinn í niðurstöðu sinni, að hann hafi brot á þremur hryggjarliðum, sprungu í nefbeini, vægt lungnamar og loftbrjóst ásamt heilahristingi og vægu heilamari. Hann hafi dvalið á spítalanum frá 20. maí til 5. júní, en þá útskrifast og verið í styrktarbelti vegna hryggbrotanna, og var þá áætlað, að hann kæmi til eftirlits að fjórum vikum liðnum.

Í vottorði Veðurstofunnar um veður á Keflavíkurflugvelli þennan dag segir, að kl. 03 hafi verið austan, skýjað og hiti $\pm 0.6^\circ$ og kl. 06 hafi verið logn, skýjað og hiti 0.2° . Samkvæmt lögregluskýrslu var komin dagsbirta og sólskin, er slysið varð, og jafnframt er þess getið, að yfirborð vegarins hafi þá verið þurrt.

Ákærði Magnús greinir svo frá atvikum öllum, að við Aðalstöðina í Keflavík hafi Erla Valgeirsdóttir, farþegi í bifreið hans, viljað ræða við strákana í bifreiðinni Ö 132, sem þarna var einnig á plani stöðvarinnar. Í framhaldi af þessu hafi strákarnir í Ö 132 farið að kalla til þeirra, sem í J 237 voru, og boðið þeim í spyrnu. Ekki vildi ákærði fara í neina spyrnu við þessa stráka og ók út af planinu suður Hafnargötu og Reykjanesbraut. Bifreiðinni Ö 132 var ekið strax á eftir bifreið ákærða og hafi Finnur Kristinn Halldórsson, farþegi í J 237, endilega viljað fara í spyrnu. Móts við vestari gatnamót að Innri-Njarðvík var Ö 132 ekið upp að vinstri hlið J 237. Óku ákærðu bifreiðum sínum fyrst rólega áfram samhliða, en fóru síðan í spyrnu. Tók J 237 strax forystuna, og varð Ö 132 fljótlega nokkuð langt á eftir. Hægði ákærði á ferðinni, ók út í hægri vegkant og stöðvaði, en Ö 132 ók fram hjá, hægði á ferðinni og sneri við. Ákærði Magnús sneri einnig bifreið sinni við og ók áleiðis til Keflavíkur. Báðir ákærðu stöðvuðu síðan bifreiðar sínar á Reykjanesbrautinni, hlið við hlið, og ræddust við. Síðan ákvað ákærði að aka af stað áleiðis til Keflavíkur, og var Ö 132 ekið á eftir. Hafi hann gefið dálítið í og farið upp í 80—90 km hraða miðað við klst. Fór hann nokkuð langt fram fyrir Ö 132 og sá hana nokkuð langt fyrir aftan sig á beina kaflanum, rétt áður en beygjan kemur á veginn við Fitjarnar. Er hann hafi verið að nálgast afleggjarann að Fitjanesti, þá hafi Erla, farþegi sinn, stungið upp á því, að þau beygðu í átt að nestinu. Hægði ákærði á ferðinni, leit í baksýnispegilinn og hliðarspegilinn, en sá engan bíl fyrir aftan. Gaf hann því stefnuhljós og ætlaði svo að beygja, en þá kom Ö 132 skyndilega í vinstri hlið bifreiðar ákærða. Ákvörðunin um að beygja upp að Fitjanesti var tekin það seint að sögn ákærða, að vel gæti verið, að hann hefði tekið beygjuna í seinna lagi. Gæti hann trúað, að hann hefði beygt mitt á milli, þar sem merkt er á vettvangsuppdrætti lögreglunnar „hemlaför“ og „mold og glerbrot“ hins vegar, en nánar verður greint frá uppdrættinum síðar. Ekki gat ákærði gert sér nokkra grein fyrir, hversu hratt Ö 132 var ekið, er óhappið varð.

Fyrir dómi kvað ákærði seinni spyrnuna hafa byrjað á milli eystri Innri-Njarðvíkurafleggjara og Grindavíkurafleggjara, á stað, sem er á milli tveggja hóla. Með spyrnu átti ákærði við, að tveimur bifreiðum væri stillt upp samhliða og þeim ekið samtímis af stað og væri tilgangurinn sá að ná sem mestum hraða á sem stystum tíma. Kvaðst hann hafa haft vinninginn. Þegar hann var kominn fram hjá vestari Innri-Njarðvíkurafleggjaranum, sagðist hann hafa hægt ferðina, þar sem hann ætlaði að beygja upp Hafnaveg. Minnti hann, að nefnd Erla hefði átt uppástunguna að þessu, og hafi ætlunin verið að tala við strákana í hinum bílnum. Kveðst ákærði hafa litið í báða baksýnispegla bifreiðar sinnar og séð Ö 132 langt í burtu. Hafi hún verið á milli afleggjaranna til Innri-Njarðvíkur. Hann sagðist hafa gefið stefnuljós með góðum fyrirvara og sagðist vera alveg viss um þetta.

Ákærði gat ekki sagt hraða bifreiðar sinnar í umræddri spyrnu og sagði mílumæli vera á bifreiðinni, og vissi hann ekki nákvæmlega hlutföllin milli mílu og kílómetra. Hann sagði hraðann þó hafa verið frekar mikinn og umfram það, sem leyfilegt er. Hann sagði, að í þann mund, sem hann beygði til vinstri upp Hafnaveg, hafi hann ekki séð til ferðar Ö 132 og talið hana vera víðs fjarri. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir hraða Ö 132, er hann sá hana í baksýnispeglinum. Nefnda beygju kvaðst hann hafa tekið á venjulegum hraða, þ. e. á þeim hraða, sem hann sé yfirleitt á við beygju innanbæjar. Ekkert hafi hann sveigt til hægri, áður en hann tók beygjuna til vinstri.

Ákærða var í dóminum sýndur uppdráttur lögreglunnar af vettvangi, og taldi hann áreksturinn hafa átt sér stað á mótis við Hafnaveg. Taldi hann stað þann, sem á uppdrættinum er markaður „mold og glerbrot“, eiga að vera nær gatnamótunum. Sagðist hann hafa tekið beygjuna með eðlilegum hætti og hafi hann alls ekki verið kominn fram hjá gatnamótunum, er áreksturinn átti sér stað. Sagði ákærði ranga framburði Rúnars Ingibergssonar og Skjaldar Árnasonar, sem síðar verður lýst, þess efnis, að hann hefði verið kominn fram hjá gatnamótunum, er hann tók beygjuna.

Ákærði kvað báðum farþegum sínum hafa verið ljóst, að fara átti í spyrnu.

Ákærði Valþór greinir í lögregluskýrslu frá upphafi samskipta þeirra Magnúsar þennan morgun með svipuðum hætti og ákærði

Magnús. Hann kvað J 237 hafa snúið við við innri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur og hafi hann einnig snúið bifreið sinni við þarna. Stöðvuðu þeir síðan bifreiðarnar á brautinni, samsíða, en óku síðan af stað, og náði J 237 forskoti og varð nokkuð á undan. Jókst hraði Ö 132 fljótt, og taldi ákærði, að hann hefði komist í u. þ. b. 110 til 120 km hraða miðað við klst. Móts við Hafnaveg sá hann hemlaljós kvikna á J 237, hægra megin. Hóf hann þá þegar að hemla sinni bifreið, þar sem hann taldi, að ökumaður J 237 ætlaði að stöðva þarna á brautinni til að tala við þá, sem í Ö 132 voru. Ekkert hafi þó verið ákveðið um það, áður en aksturinn hófst. Nálgadist hann bifreiðina J 237 nokkuð bratt og hugðist fara fram úr henni. Er J 237 var komin nokkuð fram hjá vegamótunum, var henni sveigt til vinstri í veg fyrir Ö 132. Engin stefnuljós voru tendruð á J 237, er gæfu til kynna fyrirhugaða akstursstefnubreytingu. Skipti engum togum, að bifreiðarnar skullu saman af miklu afli. Mundi ákærði mjög óljóst eftir ferli bifreiðar sinnar eftir það og gat ekki lýst honum af nákvæmni.

Ákærði kvað það rangt, sem segir í skýrslu lögreglunnar af vettvangi, að Rúnar Ingibergsson hafi kastast út úr bifreið hans. Sagði hann, að er bifreiðin hafði stöðvast á toppnum og hann kominn út úr henni, sá hann, hvar Rúnar var að reyna að komast út um glugga hennar. Hljóp hann þá til og hjálpaði honum út og lagði hann við hlið bifreiðarinnar, svo sem lögreglan sýnir í uppdrætti sínum af vettvangi. Að öðru leyti taldi hann nefnda lögregluskýrslu rétta svo og vettvangsuppdráttinn.

Fyrir dómi minnti ákærða, að seinni spyrnan hefði hafist mitt á milli Innri-Njarðvíkurafleggjaranna. Náði bifreiðin J 237 forskoti, sem ákærði taldi mest hafa numið 15 metrum. Sagðist hann hvorki hafa séð hemlaljós né stefnuljós á bifreiðinni J 237, er hún nálgadist mót Hafnavegar, en hins vegar sá hann, að hún hægði á sér. Ekki sagðist ákærði vita, hvað ákærði Magnús hefði í hyggju, er hann hægði á sér, og hafi hann ákveðið að fara fram úr honum þarna. Skyndilega hafi meðákærði Magnús beygt bifreið sinni til vinstri í veg fyrir bifreiðina Ö 132. Hafi þeir þá verið komnir fram hjá mótum Hafnavegar og hafi Magnús beygt fyrirvaralaust.

Ákærða var sýndur uppdráttur lögreglunnar af vettvangi, og taldi hann stað þann, sem merktur er „mold og glerbrot“, eiga að vera fjær gatnamótunum, þ. e. norðar á Reykjanesbrautinni.

Ákærði kvað hraða bifreiðar sinnar hafa verið mestan milli 110 og 115 km miðað við klst. Hafi hann þá litið á hraðamælinn og hraðinn ekkert aukist eftir það.

Ákærði kvaðst hafa verið í 10—15 metra fjarlægð frá J 237, er hún byrjaði að beygja, og hafi hann reynt að forða árekstri (sic) með því að beygja bifreið sinni til vinstri og hemla, en það hafi ekki dugað. Ekki gat hann sagt til um hraða bifreiðar sinnar þá, en sagði, að hann hefði verið búinn að draga talsvert úr ferð þeirri, sem áður var nefnd.

Ákærða var kynntur framburður hans í lögregluskýrslu, þar sem segir, að hægra hemlaljós hafi kviknað á J 237, og sagði hann það rétt vera.

Ákærði kvað öllum farþegum í bifreið sinni hafa verið ljóst, að fara átti í spyrnu, og hafi enginn þeirra mótmælt því.

Ákærða var kynntur framburður vitna fyrir lögreglu um hraða bifreiðarinnar J 237, og kvað hann rangt með farið, að hann hefði verið á bilinu 140—160 km miðað við klst.

Erla Valgeirsdóttir, Reykjanesvegi 12, Njarðvík, farþegi í J 237, kvað bifreiðunum hafa verið snúið við á Reykjanesbrautinni nokkuð fyrir innan innri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur. Voru þær síðan stöðvaðar samsíða á brautinni og spyrnan hafin. Náði J 237 strax nokkru forskoti, og var hraði hennar gífurlegur, um 140—160 km miðað við klukkustund, að hún taldi. Er J 237 nálgast mót Hafnavegar, ákváðu þau að fara inn á planið við Fitjanesti og hafa þar tal af krökkunum í Ö 132. Þegar J 237 hafði verið sveigt nokkuð til vinstri, hafi það engum togum skipt, að bifreiðarnar skullu saman af miklu afli. Missti ökumaður á Ö 132 þá greinilega vald á bifreið sinni, og fór hún nokkurn spöl á tveimur hjólum (vinstri hjólum), tókst síðan á loft og valt þrjár til fjórar veltur, að Erlu fannst.

Fyrir dómi var lýsing Erlu á atvikum í meginatriðum samhljóða framangreindum framburði hennar. Hún kvaðst ekki vita, hversu miklu forskoti J 237 náði, þar sem hún leit aldrei aftur fyrir sig. Hraði bifreiðarinnar var mikill, og taldi hún hann hafa orðið yfir 100 km miðað við klst. Ekki hafi hún þó litið á hraðamælinn. Hún taldi hraðann 140—160 km miðað við klst., sem hún nefnir í lögregluskýrslu, ekki vera fjarri lagi.

Erla kvað þau í J 237 hafa ákveðið, er þau nálguðust mót Hafnavegar, að beygja upp veginn að Fitjanesti. Hafi ákærði Magnús hægt á bifreið sinni með fyrirvara og verið byrjaður að taka beygjuna á eðlilegum hraða, en þá hafi áreksturinn orð-

ið. Ekki tók Erla eftir því, að ákærði hefði verið kominn fram hjá Hafnavegi, er hann tók beygjuna. Hún taldi stað þann, sem merktur er „mold og glerbrot“ á vettvangsuppdrættinum, hljóta að byrja nær gatnamótunum, þ. e. meira móts við Hafnaveg. Ekki tók Erla heldur eftir því, hvort ákærði gaf stefnuljós, og vissi ekki, hvar Ö 132 var stödd, er J 237 byrjaði beygjuna. Hún kvað Ö 132 greinilega hafa verið á mikilli ferð, er áreksturinn varð.

Erla sagði þau Finn Halldórsson, farþega í J 237, ekki hafa mótmælt því, er ákveðið var að fara í spyrnu.

Finnur Kr. Halldórsson, Hlíðarvegi 28, Njarðvík, lýsir upphafi spyrnunnar á Reykjanesbraut með sama hætti og Erla Valgeirsdóttir. Náði J 237 miklu forskoti. Taldi hann hraða J 237 þarna hafa verið nokkru minni en í fyrri spyrnunni, sem farið var í, þegar bifreiðarnar óku frá Keflavík, en í þeirri spyrnu hafi hraði J 237 verið um 140—160 km miðað við klst. Er þau nálg-uðust mót Hafnavegar, hægði J 237 mikið ferðina og var kominn á um 70—80 km hraða, þegar Erla stakk upp á að beygja inn á planið við Fitjanesti. Eftir að hafa hægt enn frekar ferðina hóf Magnús að beygja til vinstri, stöðvaði síðan í örfáar sekúndur, en tók síðan af stað og hélt áfram að beygja. Skyndilega og þeim í J 237 að óvörum skall bifreiðin Ö 132 af miklu afli í vinstra framhorn J 237. Virtist ökumaður Ö 132 missa vald á bifreið sinni við höggið, og fór hún nokkuð langa leið á tveimur hjólum, vinstri hjólunum, hentist síðan í loft upp og fór einn til tvo hringi, áður en hún kom niður, og valt síðan áfram.

Fyrir dómi sagði Finnur, að hann hefði setið í framsætinu í J 237 milli Magnúsar og Erlu. Ekki hafi hann haft neitt á móti því, að farið væri í spyrnu. Hann sagði J 237 þegar hafa tekið forystuna og talsvert hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Hafi ákærði Magnús nefnt, að hraði bifreiðarinnar væri 160 km miðað við klst., en ekki kvaðst Finnur hafa litið á hraðamælinn. Sagðist hann telja, að þessi hraði bifreiðarinnar gæti staðist. Hann kvað Erlu hafa stungið upp á því að fara upp að Fitjanesti, þ. e. beygja upp Hafnaveg, þegar þau nálg-uðust gatnamótin. Hafi ákærði Magnús þá byrjað að hægja á ferð bifreiðar sinnar og hafi hann byrjað beygjuna með eðlilegum hætti, bæði hvað snerti hraða bifreiðarinnar og staðsetningu. Hann sagði, að sig minnti jafnvel, að Magnús hefði stöðvað bifreið sína þarna á móts við Hafnaveg í örskamma stund, áður en hann hóf beygjuna. Hann kvað J 237 hafa verið staðsetta við miðju Reykjanes-

brautar, er beygjan hófst, og henni hafi aldrei verið ekið út í hægri vegarkantinn þarna.

Finnur kvaðst hafa fylgst með ferðum Ö 132 og síðast litið aftur, er J 237 var við ytri afleggjarann að Innri-Njarðvík. Var Ö 132 þá allfjarri, um 100 metra aftan við J 237 á að giska.

Finnur taldi, að Magnús hefði gefið stefnuljós til vinstri, er hann nálgast gatnamót Hafnavegar, en ekki sá hann það beinlínis. Honum var sýndur vettvangsuppdrátturinn og vakin sérstök athygli á staðsetningu „mold og glerbrot“. Hélt Finnur sig fast við það, að bifreiðin hefði nálgast og byrjað beygjuna upp Hafnaveg með eðlilegum hætti. Áreksturinn hefði komið sér algerlega að óvörum, og engin hljóðmerki kvaðst hann hafa heyrt frá Ö 132.

Finnur kvað það hljóta að vera rétt í lögregluskýrslu sinni, þótt hann myndi það ekki fyrir dómi, þar sem segir, að ákærði Magnús hafi verið byrjaður að hægja ferð J 237, þegar Erla stakk upp á því, að beygt yrði upp að Fitjanesti.

Skjöldur Vattnar Árnason, Vesturgötu 34, Keflavík, var einn farþega Ö 132 í umrætt sinn og sat í aftursæti, vinstra megin. Hann kvað J 237 strax hafa náð miklu forskoti í spyrnunni og hafi hraði bifreiðanna orðið gífurlegur, um 150—160 km miðað við klst. á Ö 132. Er J 237 var komin á móts við Hafnaveg, sá Skjöldur hemlaljós kvikna á henni. Kallaði hann þá til ákærða Valþórs og sagði: „Passaðu þig Valþór, hann bremsar“. Þegar J 237 var komin nokkuð fram fyrir gatnamótin, var henni ekið alveg út á hægri vegarbrún, og taldi hann, að ökumaður hennar ætlaði að stöðva þar. Hafi ákærði Valþór líklega einnig talið svo, því hann ætlaði að aka fram úr J 237, en er framendi Ö 132 var á móts við afturenda J 237, var síðarnefndu bifreiðinni skyndilega beygt til vinstri í veg fyrir þá fyrrnefndu. Hafi ákærði Valþór reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að sveigja til vinstri, en tókst það ekki. Skullu bifreiðarnar saman af miklu afli, og hentist Ö 132 í loft upp og snerist einn til tvo hringi í loftinu, að Skildi fannst. Valt hún síðan eina til tvær veltur, áður en hún stöðvaðist.

Skjöldur kvaðst hafa rankað við sér inni í bifreiðinni, mjög fljótlega eftir að hún hafði stöðvast, og sá hann þá Rúnar Ingibergsson hálfan út úr bifreiðinni, en ákærða Valþór og Stefán heitinn sá hann ekki.

Fyrir dómi skýrði Skjöldur eins frá atvikum og hér hefur verið rakið. Hann kvað J 237 strax hafa náð forskoti, 100—200

metrum, þegar mest var. Hafi hraði bifreiðarinnar verið mikill, og taldi hann, að hann hefði orðið um 140 km miðað við klst. á Ö 132. Var honum bent á, að hann tali um 150—160 km hraða í lögregluskýrslu á nefndri bifreið, og tók hann þá fram, að hér væri um ágiskun sína að ræða, þar sem hann hefði ekki litið á hraðamælinn. Hraðinn hafi allt eins getað verið meiri sem minni en 140 km miðað við klst.

Skjöldur sagði, að áður nefnt bil á milli bifreiðanna hefði haldist óbreytt, þar til bifreiðin J 237 kom að Hafnavegi. Hafi þá kviknað hemlaljós á bifreiðinni og hún numið staðar eða svo til og ekið út á hægri vegarbrún. Taldi hann, að ákærði Valpór hefði ætlað að fara fram hjá J 237 þarna og halda áfram ferð sinni til Keflavíkur, en Ö 132 var orðin svo til bensínlaus og ákærði því ætlað að skila henni. Sagði hann, að í þann mund sem ákærði hafi ætlað að aka fram hjá J 237, hafi þeirri bifreið verið beygt til vinstri og í veg fyrir Ö 132. Hafi J 237 þá verið staðsett örskammt norðan móta Hafnavegar og Reykjanesbrautar (þ. e. nær Keflavík). Að mati Skjaldar hafi ákærði Magnús þurft að taka U-laga beygju til að komast inn á Hafnaveg.

Skjöldur kvað bifreiðina Ö 132 hafa verið á talsvert mikilli ferð um það leyti sem áreksturinn varð. Engin stefnuljós hafi hann séð á J 237, sem gáfu til kynna fyrirhugaða stefnubreytingu, og engin hljóðmerki hafi ákærði Valpór gefið vegna hins fyrirhugaða framúraksturs hans.

Skjöldur minnti, að hann hefði nefnt við ákærða Valpór að vera ekkert að þessari spyrnu, eftir að hún var hafin, en önnur mót-mæli hafi hann ekki haft uppi og ekki hafi hann heyrt aðra mót-mæla því að fara í spyrnuna. Honum var sýndur vettvangsuppdrátturinn, og taldi hann staðsetningu „mold og glerbrot“ vera rétta.

Rúnar Ingibergsson, Skólavegi 30, Keflavík, sat einnig í aftursæti Ö 132 í umrætt sinn. Hann mundi, að honum fannst hraði Ö 132 vera gífurlegur, er ekið var Reykjanesbrautina í átt til Keflavíkur. Hann kveður ákærða Valpór hafa ætlað að aka fram úr J 237, en rétt norðan við mót Hafnavegar var þeirri bifreið beygt til vinstri í veg fyrir Ö 132. Taldi hann ökumann J 237 hafa ætlað að beygja inn á Hafnaveg, en ekki getað það nógu snemma vegna mikils hraða bifreiðarinnar. Skipti það engum togum, að bifreiðarnar rákust saman, og fann Rúnar, að Ö 132 tókst á loft, en hvað gerðist eftir það, mundi hann mjög óljóst.

Fyrir dómi kvað Rúnar ökumenn nefndra bifreiða hafa sam-

mælst um að fara í spyrnu og hafi farþegunum í báðum bifreiðunum verið þetta ljóst. Tók J 237 þegar forystuna, og kvað Rúnar, að bilið milli bifreiðanna hefði orðið 3—4 billengdir. Hann sagði, að hraði bifreiðanna hefði orðið gífurlegur, og nefndi töluuna 130—150 km miðað við klst. Ekki hafi hann þó litið á hraðamælinn. Hann kvað J 237 hafa verið sveigt í veg fyrir Ö 132, rétt um það leyti sem síðarnefnda bifreiðin var að taka fram úr. Var hún þá örstutt frá vinstra afturhorni J 237. Hann sagði, að sér fyndist eins og J bifreiðin hefði verið komin fram hjá mótum Hafnavegar, er hún beygði. Ekki tók hann eftir, að J bifreiðin gæfi stefnuljós, og ekki sá hann heldur neitt hemlaljós á bifreiðinni, er hún nálgast gatnamótin. Hann sagði og, að ákærði Valpór hefði ekki gefið hljóðmerki né önnur merki um fyrirhugaðan framúrakstur.

Jörgen Bendt Pedersen lögreglumaður tók ljósmyndir af vettvangi, og var það í mesta lagi hálfri klukkustund eftir slysið, að hans sögn. Hann sagði enn fremur, að mold og glerbrot úr bifreiðunum hefðu aðallega verið, þar sem beygjan út á Hafnaveg af Reykjanesbraut hefst, þegar komið er frá Keflavík/Njarðvík. Kvað hann vettvangsuppráttinn sýna rétta staðsetningu þessa, og taldi hann, að áreksturinn hefði orðið þar.

Birgir Ólafsson lögreglumaður ritaði framanlýsta frumskýrslu lögreglunnar og kvað hana gerða eftir bestu vitund og samvisku. Hann sagðist hafa séð um að flytja hina slösuðu á sjúkrahúsið í Keflavík og ekkert unnið að vettvangskönnun fyrr en að því loknu, en um hana höfðu þeir Rúnar og Jóhannes lögreglumenn aðallega séð.

Guðmann Rúnar Lúðvíksson lögreglumaður sagði, að þeim Jóhannesi lögreglumanni hefði virst samkvæmt ummerkjum á vettvangi, að bifreiðin J 237 hefði ætlað að taka beygjuna upp Hafnaveg mjög í seinna lagi. Taldi hann, að líklegasti árekstursstaður bifreiðanna hefði verið, þar sem merkt er „mold og glerbrot“ á uppdrættinum.

Jóhannes Jensson lögreglumaður gerði uppdráttinn að vettvangi og væri hann gerður eftir bestu vitund og samvisku. Hann sagðist hafa framkvæmt mælingar og aðrar athuganir á vettvanginum ásamt Rúnari lögreglumanni og unnið uppdráttinn upp úr þeim. Væru allar merkingar á uppdrættinum nákvæmlega rétt staðsettar. Hann taldi aðspurður, að langlíklegasti árekstursstaður bifreiðanna væri, þar sem merkt er „mold og glerbrot“.

Vettvangsuppdrátturinn sýnir, að á Reykjanesbrautina hafði hrunið mold og glerbrot og síðan fleira úr bifreiðunum. Byrjar hrún þetta skammt norðan Hafnavegar, um 13 metra frá miðlínu hans við Reykjanesbraut. Er það við upphaf beygjunnar af Reykjanesbraut út á Hafnaveg, þegar komið er frá Keflavík/Njarðvík, og á vinstri vegarhelmingi Reykjanesbrautar miðað við akstursstefnu til Njarðvíkur/Keflavíkur. Bifreiðin J 237 hefur stöðvast um 46 metra frá stað þessum, en Ö 132 um 72 metra. Hafði hún hafnað á steinsteyptum hitaveitustokki. Á vettvangsuppdráttinn eru enn fremur mörkuð hemlaför, rúmlega 5 metra löng, á Reykjanesbraut móts við miðju Hafnavegar. Töldu lögreglumenn, að þau væru líklega eftir bifreiðina Ö 132.

IV.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa reynt með sér í spyrnu, þ. e. farið í kappakstur, á Reykjanesbraut árla umræddan sunnudagsmorgun, og bera farþegar þeirra með sama hætti um þetta atriði. Ákærðu óku gífurlega hratt í kappakstri þessum og langt umfram það, sem lög leyfa. Enginn farþeganna gat borið um hraða bifreiðanna skv. hraðmæli, en þó þykir unnt að slá því föstu, að hann hafi verið meiri en ákærðu vilja vera láta. Verður að telja, að hraðinn hafi orðið allt að 160 km á klukkustund, þótt um fulla nákvæmni geti eigi verið að ræða. Ekkert var ákveðið um í upphafi, hvar kappakstrinum skyldi ljúka. Ákærði Magnús náði forystu í kappakstri þessum, og er hann kom að Hafnavegi, ákvað hann að beygja til vinstri inn á þann veg. Vissi hann af ákærða Valþór á eftir sér. Af framburði meðákærða Valþórs, vitnanna Skjaldar og Rúnars og ummerkjum á vettvangi er ljóst, að þessi ákvörðun ákærða var tekin með of litlum fyrirvara, enda var hann í raun kominn fram hjá Hafnavegi, er hann hóf að beygja. Má ætla, að það stafi af ofurhraða bifreiðarinnar. Ákærði Magnús kvaðst hafa gefið fyrirhugaða beygju til kynna með stefnumerkjum, en þrátt fyrir það verður að virða honum akstursmáta þennan til stórkostlegs gáleysis, eins og aðstæðum var háttað.

Ákærði Valþór hugðist aka fram úr meðákærða á nefndum gatnamótum og enda þótt hann hafi ekki orðið var merkja um fyrirhugaða stefnubreytingu hans, var framúraksturinn honum óheimill.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu uppfyllti engan veginn þær skyldur, sem hvíla á öikumönnum um varúð og varkárni, og

för svo, að hún hafði hörmulegar afleiðingar, sem virða verður þeim báðum til sakar.

Háttsemi beggja ákærðu þykir rétt lýst í ákæru, og varðar hún við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Við ákærana er það að athuga, að samkvæmt krufningarskýrslu er dánarstund Stefáns Jens sögð kl. 0800 og á öðrum stað um kl. 1000.

Ákærðu höfðu sammælst um að fara í umræddan kappakstur, og vissu farþegar þeirra það. Ekki mótmæltu þeir þessari ákvörðun ákærðu, og verður að líta svo á, að þeir hafi samþykkt hana. Ekki verður hins vegar á það fallist með verjendum ákærðu, að þetta samþykki leysi þá undan refsingu fyrir brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, sem greinir í ákæru. Hins vegar leiðir það til lækkunar við mat á refsingu ákærðu samkv. 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

Refsingu beggja ákærðu þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Þykja eigi efni til að skilorðsbinda refsingu þessa. Þá þykja báðir ákærðu hafa unnið til ökuleyfisviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin eitt ár frá birtingu dóms þessa. Loks skulu ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði Magnús greiði málsvarnarlaun Vilhjálmss Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 300.000, og ákærði Valþór málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 300.000, en annan kostnað greiði þeir in solidum.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarsins við önnur störf á vegum embættisins og enn fremur vegna sumarleyfis hans.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Hafsteinsson sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærði Valþór Ólason sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærðu skulu sviptir ökuleyfi í eitt ár frá dómsbirtingu.

Ákærði Magnús greiði laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálmss Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.000.

Ákærði Valþór greiði laun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.000.

Ákærðu greiði annan kostnað sakarinnar in solidum.